



Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi, haldinn í Kvennaskólanum  
6. júlí 2016, kl. 14:00.

Dagskrá:

- 1.) Staða mála
- 2.) Starfsmannamál
- 3.) Önnur mál

Arnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Mætt eru Arnar Þór Sævarsson, Katharina A. Schneider, Valgarð Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

1. Katharina fór yfir stöðu mála. Enn er biðstaða með greiðslur vegna úthlutunar Norðvesturnefndar. Það kom fram hjá Arnari að búið er að ganga frá málum fyrir hönd Þekkingarsetursins, ýta þarf frekar á ráðuneytið með þetta.

Stefnt er á að ráða Ragnheiði Þórsdóttur í haust við textíltengd verkefni sem verkefnisstjóri og mun fara yfir vefnaðarmunstur sem til eru í Kvennaskólanum og skrá þau.

Prjónagleði var haldin í júní og tókst vel. Fyrirhugað er að endurtaka hana á næsta ári.

Fáir gestir hafa komið í Kvennaskólann og í Vatnsdæluferlinn til að skoða, enda markaðssetning lítil. Boðið er upp á leiðsögn um húsið kl. 13 og 15, þar sem húsið er sýnt, minjastofur og Vatnsdæluferill. Nauðsynlegt er að útbúa safnakort fyrir „Torfunu“ en það hefur verið í skoðun.

Lee Ann hjá upplýsingamiðstöð A-Hún. hefur áhuga á að halda málstofur um ferðamál í haust. Það er í skoðun.

2. Cat og Dan eru að hætta, munu flytja á Ísafjörð. Í tengslum við það þarf að fara í stefnumótun í haust. Halda þarf hugarflugsfund með hlutaðeigandi aðilum með sérfræðingi.
3. Katharina fer í sumarfrí 25. júlí til 18. ágúst og Katrín 8. – 18. ágúst. Ákveðið var að styrkja „gaddavírskindina“ sem útbúin var í tengslum við Prjónagleðina sem haldinn var í júní um kr. 50.000. Búið er að komast fyrir leka í herberginu þar sem textílbókasafnið er til húsa.

Arnar sleit fundi kl. 15:30 og þakkaði fyrir góðan fund.

Þóra Sverrisdóttir